



# mít

Menntaskóli í tónlist  
Ársskýrsla 2020-2021

# HLUTVERK OG SKIPULAG MÍT

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt tónlistarnám í háum gæðaflokki.

Hlutverk skólans felst í því að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum staðgóða menntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.

Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild, en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum. Einnig fer eftirspurn eftir starfskröftum í fjölbreytt störf innan tónlistarlífsins og tónlistariðnaðar stöðugt vaxandi.



## MARKMIÐ

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf.



# MARKMIÐ

Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar. Þar er því boðið upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar svo nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og geti dýpkað þekkingu sína á ólíkum sviðum tónlistar.

# NÁMSBRAUTIR *mít*



# NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS

Á stúdentsbrautum MÍT er m.a. lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er námið góður valkostur fyrir þá sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Alls er námið 200 einingar og þar af 98 kjarnagreinar í tónlistargreinum. Námið er í almennum bóknámsgreinum á brautinni miðast við skólanámskrá Menntaskólans við Hamrahlíð. Í boði eru þrjár námsbrautir til stúdentsprófs:

1. Stúdentsbraut í klassískri tónlist.
2. Stúdentsbraut í rytmískri tónlist.
3. Stúdentsbraut á popplínu



# NÁM TIL LOKAPRÓFS Á 3. HÆFNIÐREPI

Lokaprófið krefst 150 framhaldsskólaeininga. Námið er skipulagt sem grunnmenntun á sviði tónlistar fyrir þá sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist eða búa sig undir áframhaldandi nám. Brautirnar henta þeim nemendum vel sem stunda nám við aðra framhaldsskóla eða hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Einnig er unnt að ljúka framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Í boði eru:

1. Almenn braut í klassískri tónlist.
2. Almenn braut í rytmískri tónlist.
3. Almenn braut á popplínu

# SKIPTING NEMENDA EFTIR BRAUTUM

## Haust 2020

---

50 nemendur stunda nám við stúdentsbrautir skólans, 158 nemendur stunda nám við almennar brautir skólans, 20 nemendur stunda fjarnám eða gestanám við skólann.

Klassísk tónlistarbraut (almenn)	78
Klassísk tónlistarbraut (stúdent)	21
Rytmísk tónlistarbraut - popplína (stúdent)	12
Rytmísk tónlistarbraut (almenn)	68
Rytmísk tónlistarbraut-popplína (almenn)	12
Rytmísk tónlistarbraut (stúdent)	17



# EININGA- OG HÓPAFJÖLDI MÍT 2020-2021

Heildarfjöldi eininga: 7446

Haustönn 2020

MÍT einingar alls: 3125

MH einingar alls: 482

Vorönn 2021

MÍT einingar alls: 3224

MH einingar alls: 404

Sumarnámskeið 2020

Alls 211 einingar

Heildarfjöldi hópa: 988

Hljóðfæra- og söngnám nemenda fer fram í einkatímum, en það útskýrir mikinn fjölda hópa



# STARFSFÓLK **mít**

Starfsfólk við skólann á haustönn 2020 voru alls 81 í 29,9 stöðuhlutföllum.

Vegna hagræðingar og endurskipulagningar skrifstofu um áramót var starfsfólk á vorönn alls 78 í 27 stöðuhlutföllum. Þar vegur þyngst að skorið var niður um heilt stöðuhlutfall í stjórnun um áramót.

Á vorönn voru kennarar 73 í 23 stöðugildum. Karlar voru talsvert fleiri í hópi kennara og starfsfólks, en á vorönn voru 30 konur á móti 48 körlum.

# STJÓRNUN OG SKIPULAG

Þann 1.janúar 2021 tók Freyja Gunnlaugsdóttir við stöðu skólameistara af Kjartani Óskarssyni sem hafði fylgt skólanum frá stofnun hans árið 2016. Stefanía Ólafsdóttir tók jafnframt við stöðu aðstoðarskólameistara klassískrar deildar á sama tíma. Ólafur Axelsson tók við stöðu stjórnarformanns í janúar. Nýir stjórnendur hafa unnið að endurskipulagi skrifstofu, skipurit skólans hefur verið endurskoðað, starfslýsingar uppfærðar og skerpt á verkaskiptingu. Yfirbygging skólans var minnkuð og hagrætt um heilt stöðugildi í stjórnun. Jafnframt hefur nýtt verklag verið innleitt varðandi fjármálastjórnun skólans og komið á nýjum verkferlum sem stuðla að aðhaldi og innra eftirliti.

mít

## STJÓRN MÍT

Ólafur Óskar Axelsson, stjórnarformaður

Gunnar Kvaran Hrafnsson

Ólafur Jónsson


Þórunn Ósk Marinósdóttir

### Varamenn

Jóhanna Guðríður Linnet

Sólrún Sumarliðadóttir

# SKIPURIT MÍT



A black and white photograph of hands playing a piano. The hands are positioned over the keys, with the fingers resting on them. The lighting is dramatic, highlighting the hands against a dark background. The text 'STEFNUMÓTUN OG SJÁLFSMAT' is overlaid in white, centered horizontally across the image.

STEFNUMÓTUN OG SJÁLFSMAT

# SJÁLFSMAT OG EFTIRFYLGNI

MÍT gefur út sjálfsmatsskýrslu árlega. Við gerð sjálfsmatsskýrslunnar er m.a. tekið mið af starfsmannakönnunum og samráðsfundum með kennurum sem fara fram með reglubundnum hætti. Jafnframt er tekið mið af viðhorfs-og áfangakönnun nemenda. Sjálfsmatið er því samantekt fjölmargra athugana og kannana sem teknar hafa verið saman með hliðsjón af viðmiðum mennta-og menningarmálaráðuneytisins um sjálfsmat.

Skólaárið 2020-2021 var lögð áherslu á að kanna viðhorf nemenda til námsins á skólaárinu og að ná bæði utan um bóklegar greinar og einkakennslu en bróðurpartur hljóðfæra/söng kennslunnar fer fram í einkatímum. Lagðar voru fyrir tvær kannanir – ein á hvorri önn. Svarhlutfall var 54% á haustönn en 33% á vorönn. Einnig var lögð fyrir könnun um kennslufyrirkomulag stúdentsbrauta skólans.

Vegna heimsfaraldurs hafa eiginlegir vinnufundir kennara ekki farið fram síðan í nóvember 2019. Þó voru ýmsir samráðsfundir haldnir í gegnum fjarfundabúnað vegna skólastarfsins 2020-2021. Stefnt er að því að halda einn vinnu- og samráðsfund fyrir kennara á haust- og vorönn skólaárið 2021-2022.

# JAFNRÉTTISÁÆTLUN MÍT

---


Ný jafnréttisáætlun MÍT var samþykkt af jafnréttisstofu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu nú í mars. Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á annars vegar um skólann sem vinnustað og hins vegar um skólann sem menntastofnun. Skólinn undirbýr nú vinnu við jafnlaunavottun.



# ENDURSKOÐUN NÁMSBRAUTA

Á vorönn 2021 voru brautir skólans uppfærðar, með samþykki menntamálastofnunar, og var byggt á reynslu af námsbrautunum síðustu þrjú árin. Ýmislegt var fært til betri vegar, m.a. var bætt við lífsleikniáfanga á allar stúdentsbrautir, einingafjöldi og áfangar í kjarna aðlagðir að áherslum ólíkra hljóðfærahópa, vægi þjálfunar í hljóðfæraleik og söngs aukið og jafnvægi komið einingar á almennum brautum. Nýjar námsframvindureglur tóku einnig gildi.

Vinna er hafin við mótun oppinnar brautar, sem er hugsuð á breiðari grundvelli en núverandi námsbrautir skólans og með enn skýrari tengingu við tónlist sem atvinnugrein í víðum skilningi. Vonir standa til þess að sú braut gæti opnað fleirum leið í gegnum skólann, og sérstaklega með tilliti til stúdentsbrautanna. Haldið verður áfram að þróa brautina á næsta skólaári með það fyrir augum að hún geti orðið að veruleika haustið 2022 eða 2023.





# SKÓLASTARF



Tónleikar, próf og viðburðir



# NÝSKÖPUN Í SKÓLASTARFI

Mikil áhersla hefur verið lögð á nýsköpun í skólastarfi. Skólinn hefur bætt við tveimur nýjum námsbrautum á sviði popptónlistar, en gríðarleg aðsókn var á þær brautir vorið 2020 og aftur í umsóknunum vorið 2021. Framboð á nýjum áföngum hefur aukist, m.a. nýir áfangar í kvikmyndatónlist, upptökustjórn, raftónlist og lagasmíðum sem mælst hafa mjög vel fyrir meðal nemenda og kennara. Með þessu hefur skólinn brugðist við áhuga og eftirspurn nemenda og nú geta þeir lagt enn betri grunn að framhaldsnámi og sérhæfingu á hinum ólíku sviðum tónlistarinnar sem vænleg þykja til atvinnusköpunar á komandi árum. Skólinn hefur frá upphafi leitast við að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám og nú standa fjölbreyttari leiðir til boða en nokkru sinni fyrr.

## VIÐBURÐIR – RYTMÍSK DEILD

Eftir tíðindalítið haust í viðburðahaldi vegna samkomutakmarkana glæddist tónleikahald eftir áramótin. Haldnar voru tvær söngsýningar í rytmísku deildinni; Tónleikar til heiðurs Tinu Turner og 100 ára afmælistónleikar Jóns Múla Árnasonar sem tókust mjög vel. Efnt var til góðs samstarfs við nemendur MÍT í verkefnastjórnun og nemendur í kvikmyndagerð í Borgarholtsskóla sem komu að streyminu því á þeim tímapunkti máttum við ekki taka áheyrendur inn í hús. Vignir Þór Stefánsson var hljómsveitarstjóri og Guðlaug Ólafsdóttir var söngstjóri. Á vordögum fór fram samspilsmaræðon sem var lokapunktur á starfi samspilanna í vetur. Upptökur af öllum þessum tónleikum má nálgast á nýrri youtuberás skólans.





## VIÐBURÐIR – KLASSÍSK DEILD

Nokkrum tónleikum var frestað á haustönninni en fyrir jólin voru haldnir glæsilegir kammertónleikar og jafnframt afmælistónleikar á 250 ára ártíð Beethoven sem heppnuðust einstaklega vel. Þann 18. apríl voru haldnir tónleikar sínfóníuhljómsveitar MÍT á Miklagarði í MH þar sem Baldvin Fannar Guðjónsson lék píanókoncert nr. 3 eftir Beethoven. Þetta voru tónleikar sem áttu að fara fram í mars 2020 og hafði verið frestað tvisvar. Mikil gleði var meðal flytjenda og áheyrenda að hljómsveitin gæti loksins stigið á við og haldið tónleikana. Josef Ognibene stjórnaði hljómsveitinni. Klassíska deildin stóð jafnframt fyrir streymisveislu þar sem úrvals atriði úr skólastarfinu voru valin á sérstaka hátíðartónleika sem sendir voru beint út á youtube rás skólans.



## VÖRÐU-, ÁFANGA- OG ÚTSKRIFTARPRÓF



29 nemendur luku miðprófi

42 nemendur luku vörðuprófi

18 nemendur luku framhaldsprófi

10 nemendur luku Burtfararprófi

9 nemendur luku stúdentsprófi



# ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR

Glæsilegur hópur nemenda lauk stúdents- og burtfararprófi frá skólanum nú í vor, útskriftartónleikar voru hátt í fjörutú talsins og efnisskrár þeirra spönnuðu alla tónlistarsöguna og ólíkustu tónlistarstíla. Mikið af frumsaminni tónlist var flutt á tónleikunum og greinilegt íslenskt tónlistarlíf þarf ekki að kvíða framtíðinni. Margir efnilegir hljóðfæraleikarar, söngvarar, tónsmiðir og lagasmiðir útskrifuðust frá MÍT í vor og þau munu taka þátt í að byggja upp íslenskt tónlistarlíf á komandi árum. Útskriftartónleikar skólans voru allir sendir út á nýrri Youtube-rás skólans, þar sem þeir verða áfram aðgengilegir: <https://www.youtube.com/channel/UCoDGZlzAJ3BntGvRttkTF6Q>



# SUMARNÁM MÍT

Líkt og sumarið 2020 gat skólinn boðið upp á fjölbreytt sumarnámskeið 2021, með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Námskeiðin eru liður í átaki stjórnvalda að bjóða nemendum upp á sumarnámsúrræði í aðstæðum sem skapast hafa vegna heimsfaraldurs. Boðið var upp á fimm námskeið; í kammertónlist, lagasmíðum, fiðluleik fyrir nemendur í framhaldsstigi, tónfræði til miðprófs og slagverksnámskeið. Uppbókað var á öll námskeiðin.





# COVID-19 OG ÁHRIF Á SKÓLASTARF Í MÍT


Skólastarfið í vetur var að mörgu leiti óvenjulegt og litaðist óhjákvæmilega af skugga heimsfaraldurs. Hluti kennslunnar var í fjarkennslu fyrir hluta vetrar og tónleikahald og hljómsveitarstarf var takmarkað vegna samkomu takmarkana. Nemendur og kennarar þurftu endurtekið að bregðast við nýjum aðstæðum og laga sig að breyttum reglum og fyrirmælum um sóttvarnir. Þrátt fyrir þetta eru vísbendingar um að nemendur hafi haft þeim mun meiri tíma til að sinna tónlistarnáminu og í vetur höfum við séð ótrúlegar framfarir og frábæran árangur hjá fjölda nemenda við skólann. Vorið 2021 var metfjöldi útskriftartónleika við skólann.

Samkomutakmarkanir höfðu tölverð áhrif á tónleikahald í vetur og brugðið var á það ráð að streyma tónleikum. Streymið hefur vakið nokkra athygli á skólanum og mikið áhorf hefur verið á tónleika skólans, eða allt upp í 1700 manns hafa horft á einstaka tónleika við skólann. Við höfum öll lært mikið á þessum tíma, tækniþekking kennara og nemenda hefur bæst til muna og sýnileiki skólans í samfélaginu hefur aukist í gegnum streymistónleikana.

# HÚSNÆÐISMÁL MÍT

MÍT býr að miklum mannauði, bæði nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans. Núverandi húsnæði þjónar nokkuð vel faglegu starfi í hvorri deild fyrir sig, en sú staðreynd að nemendur stúdentsbrautar þurfa að mæta á þrjá staði í borginni, Hamrahlíð, Skipholt og Rauðagerði, hefur neikvæð áhrif á upplifun nemenda af skólanum og er hamlandi fyrir skólastarfið í heild. Mikill hluti skólastarfsins fer fram í einkatímum og því enn mikilvægara en í hefðbundnu framhaldsskólanámi að hlú að skólaanda og félagslegum þáttum skólastarfsins sem meðal annars húsnæði hefur mikil áhrif á.

Skólastjórnendur leggja nú allt kapp á að koma skólanum í hentugt húsnæði sem fyrst. Ýmsar hugmyndir eru í skoðun, en ljóst er að sú gerjun og gróska sem möguleg er í skörun milli klassískrar og rytmískrar deildar mun ekki ná flugi fyrir en skólanum hefur verið fundið hentugt og gott húsnæði og deildir skólans hafa verið sameinaðar undir eitt þak.



## FÉLAGSSTARF NEMENDA

Félagsstarf nemenda einkenndist mikið af samkomutakmörkunum vegna COVID-19. Á haustönn var efnt til myndbandakeppni þar sem nemendur sendu inn fjölbreytt tónlistarmyndbönd með eigin flutningi.

5. janúar keppti lið MÍT í Gettu betur og stóð liðið sig með þrýði þó að niðurstaðan yrði sú að liðið þar lakari hlut gegn Menntaskólanum á Akureyri. Söngkeppni NMÍT var haldin 24.febrúar, en sigurvegari hennar tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna.

Lagasmíðakeppni NMÍT haldin 19.maí og aðalfundur félagsins var haldinn 20.maí.


## FORELDRASAMSTARF

Ekki tókst að ná saman nýrri stjórn foreldrafélags MÍT á skólaárinu, og var virkni þess takmörkuð. Vonir standa til þess að hægt verði að virkja félagið á næsta skólaári, en vonast er til þess að samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs verði fyrirferðaminni.

MÍT starfar náið með Menntaskólanum við Hamrahlíð í gegnum samstarfssamning og eru almennar bóknámsgreinar kenndar við þann skóla. Nemendur á stúdentsbraut hafa jafnframt aðgang að námsráðgjöfum við Menntaskólann við Hamrahlíð. Skólinn sækir einnig ráðgjöf og fær stuðning hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð hvað sérúrræði varðar.

MÍT á einnig í nánú samstarfi við tónlistarskóla FÍH, en rytmísk deild skólans deilir húsnæði með honum. Samstarfið felst einkum í samspili nemenda, en einnig sækir talsverður fjöldi nemenda FÍH skólans áfanga MÍT í gestanámi, og FÍH þjónustar afmarkaðan hóp nýnema um áfanga í tónfræði. Samstarf hefur verið um ýmis verkefni við Borgarholtsskóla, Listaháskóla Íslands og fleiri stofnanir og á næstu árum er áætlað að auka enn samstarf á ýmsum sviðum við aðra tónlistar- og framhaldsskóla hérlendis og erlendis.

# SAMSTARFSVERKEFNI



# LOKAORÐ

Nú er MÍT að ljúka sínu fjórða starfsári. Mikil uppbygging og nýsköpun í skólastarfi hefur átt sér stað á þessum tíma þó skólastarfið sé enn í sífelldri mótun. Smám saman hefur skólinn fest rætur og gegnir nú þegar lykilhlutverki í tónlistarmenntun á Íslandi.

Í skólanum koma saman um 200 nemendur sem allir leggja stund á tónlist af ástríðu og áhuga. Fjölbreytt námsframboð skólans gefur þeim tækifæri á einstaklingsmiðuðu námi þar sem þau geta mótað námið að eigin áhugasviði og hæfileikum. Kennarar og starfsfólk skólans hafa lagst á eitt við að byggja upp faglegt og jákvætt lærdómssamfélag þar sem nemendur fá að þroskast og vaxa sem manneskjur og tónlistarfólk.

Skólinn stendur vissulega frammi fyrir krefjandi áskorunum, þar er ekki síst mikilvægt að koma skólanum undir eitt þak svo skólinn geti orðið sú heilsteypta menntastofnun í tónlist sem stefnt er að með öflugri klassískri og rytmískri deild undir sama þaki. Stjórnendur skólans og kennaralið vinnur samhent og af heilum hug að því að byggja upp enn sterkari framhaldsskóla sem mun festa sig í sessi til framtíðar sem lykilstofnun í íslensku tónlistarlífi.